

11. fundar stjórnar SSA 20. september 2016

Fundurinn hófst kl. 12.30 í húsakynnum Austurbrúar að Vonarlandi, Tjarnarbraut 39e, Egilsstöðum. Boðið var upp á léttan hádegisverð meðan á fundinum stóð. Mættir voru Sigrún Blöndal, Stefán Grímur Rafnsson, Hákon Hansson, Jón Björn Hákonarson, Eydís Ásbjörnsdóttir og Margrét Guðjónsdóttir. Andrés Skúlason var á síma. Hann vék af fundi kl. 14.32.

Þá sat fundinn Björg Björnsdóttir, verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

1. Fundargerð frá 10. stjórnarfundi SSA og frá 6. og 7. fundi framkvæmdaráðs SSA lagðar fram til samþykkis.
2. Fundargerðir frá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, Eyþingi, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga lagðar fram til kynningar.
3. Ýmis erindi, bókanir og skýrslur. Lagt fram til kynningar og eftir atvikum afgreiðslu.
 - a) Ályktanir Félags stjórnenda leikskóla.
 - b) Dagatal stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
 - c) Framkvæmd nýrra laga um almennar íbúðir.
 - d) Samband íslenskra sveitarfélaga um áhrif nýrrar húsnæðislöggjafar
 - e) Kynningarbréf um byggingarvettvanginn.
 - f) Endurskoðun upplýsingargjafar við ferðamenn. ***Stjórn SSA tekur undir ábendingar Austurbrúar við skýrslu Ferðamálastofu um að það sé annars vegar ófrávíkjanleg krafa að á Seyðisfirði sé landamærastöð í fullum skilningi þess orðs og hins vegar að tryggt sé nægilegt fjármagn fyrir heilsársstöðu á Austurlandi.***
 - g) Stöðugreining 2016 – Byggðastofnun.
 - h) Tilnefning fulltrúa í Minjaráð Austurlands. Tillaga framkvæmdaráðs er að þess verði farið á leit við Önnu Berg Samúelsdóttir að hún taki sæti í Minjaráði Austurlands. JBH falið að ræða við hana.
 - i) Kynning frá Orkustofnun.
 - j) Ársskýrsla SSA 2015.
 - k) Tillögur frá starfshópi um Ísland ljósvætt. Formanni stjórnar falið að hafa samband við formenn hinna landshlutasamtakanna. Hann leggi það til að óskað verði eftir fundi um málið við fjármálaráðherra og forsætisráðherra í tengslum við fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna.

2. Almenningsamgöngur

1. Ábendingar frá Upplýsingamiðstöð Austurlands (Húsi Handanna) vegna SvAust. Lagt fram til kynningar. Verkefnastjóra falið að óska eftir viðbrögðum frá verkefnisstjóra SvAust í Fjarðabyggð.
2. Tillögur starfshóps um framtíðarfyrirkomulag almenningsamgangna á Austurlandi. Fjallað verður um tillögurnar í málstofu á aðalfundi SSA á Seyðisfirði en þær fara síðan ásamt niðurstöðum málstofu til umfjöllunar umhverfis- og samgöngunefndar og til afgreiðslu aðalfundar.

3. Samningur um sóknaráætlun

1. Áfangaskýrslur frá Austurbrú vegna þjónustusamninga. Gestir: María Hjálmarsdóttir, verkefnisstjóri flugvallarverkefnis og Signý Ormarsdóttir, verkefnisstjóri Uppbyggingarsjóðs Austurlands og menningarfulltrúi Austurlands. MH fór yfir reynsluna frá liðnu sumri og greindi frá hugmyndum um framhald á millilandaflugi til Egilsstaða. SO fór yfir ákveðna þætti í áfangaskýrslum þeirra verkefna sem að henni snúa, m.a. hvað varðar verkferla og umboð.
2. Tillögur úthlutunarstjórnar Uppbyggingarsjóðs Austurlands um breytingar á vinnureglum og verklagi við úthlutanir. Tillögur fara til umfjöllunar í allsherjarnefnd á aðalfundi og til afgreiðslu aðalfundar.
3. Erindi frá Auroras vegna úthlutunar úr Uppbyggingarsjóði Austurlands. Stjórn SSA tekur undir sjónarmið verkefnisstjóra Uppbyggingarsjóðs Austurlands er fram koma í greinargerð hans. Verkefnisstjóra falið að svara erindinu formlega.
4. Tillögur starfshóps um þekkingaruppbyggingu á Austurlandi. Starfshópurinn mun kynna starf sitt í málstofu á aðalfundi SSA og skila í framhaldi af fundinum tillögum sínum.
5. Umsækjendur um starf verkefnisstjóra svæðisskipulags Austurlands. Framkvæmdaráð leggur til að gengið verði til samninga við Skarphéðinn Smára Þórhallson, til samræmis við niðurstöður matsblaðs KPMG. Stjórn samþykkir tillöguna. Verkefnisstjóra falið að sjá um viðræðurnar og að ganga frá aðstöðu og öðru sem tengist ráðningu hans.

4. Atvinnuþróunarsjóður Austurlands.

1. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til staðfestingar stjórnar. Gestur: Jóna Árný Þórðardóttir.
2. Margréti Guðjónsdóttir falið að mæta á aðalfund Húss handanna fyrir hönd stjórnar sem fulltrúi Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands. Jafnframt samþykkir stjórn að verði tillaga borin upp á aðalfundinum um aukningu hlutafjár, muni sjóðurinn ekki koma að því. Sömu leiðis verði kannað hvort áhugi sé á hjá félaginu á því að kaupa hlutabréf sjóðsins, enda er það ekki stefna sjóðsins að eiga hlutabréf í fyrirtækjum.



5. Önnur mál. Ekki voru önnur mál til umræðu.

Fundi slitið kl. 15.20.

Sigrún Blöndal

Jón Björn Hákonarson

Margrét Guðjónsdóttir

Eydís Ásbjörnsdóttir

Andrés Skúlason

Stefán Grímur Rafnsson

Hákon Hansson



1966-2016